

en minnt er á að merkja þá minjastaði sem eru í hættu vegna umferðar og athafna vinnuvéla.

Vegagerðin, dagsett 5. maí 2015.

Athugasemd: Óskað er eftir að upplýsingar á bls. 15 í greinargerð um hámarkshraða á veginum verði teknar út. Vegamálastjóri mun taka ákvörðun um leyfðan hámarkshraða í samráði við Þingeyjarsveit áður en nýr vegur verður tekinn í notkun.

Svar: *Brugðist er við athugasemd og upplýsingar um hámarkshraða eru teknar burt úr gögnum deiliskipulags.*

Athugasemd: Vegagerðin fer fram á að haft verði samráð við stofnunina þegar kemur að því að endurnýja skilti á svæðinu.

Svar: *Brugðist er við athugasemd og bætt inn í greinargerð að samráð skuli hafa við Vegagerðina við endurnýjun skilta á svæðinu.*

Athugasemd: Bent er á að kanna þarf matsskyldu framkvæmda við Goðafoss í samræmi við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum I.viðauka lið 10.09. og 12.05 áður en framkvæmdir hefjast.

Svar: *Liðir 10.09 á við vegi utan þéttbýlis á verndarsvæðum og liður 12.05 á við þjónustumiðstöðvar, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir á verndarsvæðum. Fyrirhugaður vegur er utan verndarsvæðis og í deiliskipulagi er ekki gert ráð fyrir byggingum innan verndarsvæðisins. Vegna þessa er ekki talið að framkvæmdir skv. deiliskipulagi séu matsskyldar.*

Athugasemd: Í greinargerð kemur ekki fram hvort útlinur stæðanna verði bundnar við það svæði sem sýnt er á uppdrætti, eða hvort mögulegt sé að svæðið verði stærra.

Svar: *Brugðist er við athugasemd og bætt inn í greinargerð að útfærsla bilastæða geti aðeins breyst innan þeirra bilastæða sem sýnd eru á deiliskipulagsuppdráttum.*

Athugasemd: Vegagerðin hefur bent á að ef bilastæðin við Goðafoss að vestanverðu verða tilbúin áður en ný brú yfir Skjálfandafljót verður tekin í notkun, sé mjög stutt frá Hringveginum að tengingu að rúrustæðum og að hætta sé á að umferð um Hringveginn tefjist vegna umferðar að/frá bilastæðunum.

Svar: *Eftir þess kemur að bilastæði verða tilbúin áður en ný brú yfir Skjálfandafljót verður tekin í notkun má útfæra aðkomu frá þjóðvegi nr. 1 á þann hátt að fráreinar verða útbúnar við þjóðveginn (úr báðum áttum) áður en beygt er inn á Goðafossvæg. Eftir þessa kemur verður útfærslan hönnuð í samráði við Vegagerðina.*

Athugasemd: Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir snyrtingum við ný bilastæði eða a.m.k. plássi fyrir þær.

Svar: *Skipulags- og umhverfisnefnd tekur undir þessa ábendingu. Á upphaflegum tillögum var gert ráð fyrir salernishúsi í tengslum við bilastæðið vestan árinna. Vegna mótmæla frá einum landeiganda var þó fallið frá þeirri hugmynd í bili.*

Athugasemd: Í greinargerð kemur ekki fram hvar gera eigi ráð fyrir stæðum fyrir húsbíla eða fólksbíla með aftanívagna, sem talsverður hluti ferðamanna nota. Ef ekki verða útbúin sérstök stæði fyrir þennan hóp þarf að koma upp skiltum sem benda honum á að nota rúrustæðin.

Svar: *Brugðist er við athugasemd og bætt við upplýsingum í göng deiliskipulags um að á almennu bilastæðunum vestan ár sé gert er ráð fyrir húsbílum og bílum með aftanívagna.*

Athugasemd: Í texta þyrfti að koma fram hvernig umferð á rúrustæðinu er hugsuð, eða sýna akstursstefnur á uppdrætti.

Svar: *Brugðist er við athugasemd og á deiliskipulagsuppdráttum er bætt við akstursstefnum á bilastæðum beggja megin Skjálfandafljóts.*

Athugasemd: Sýna þarf hvernig gönguleiðir að rúrustæðum í miðju stæðinu og austast á stæðinu eru hugsaðar.

Svar: *Brugðist er við athugasemd og bætt inn á deiliskipulagsuppdrætti gönguleið austan rúrustæðanna ásamt því skýra betur gönguleið að og frá rústum í miðju rútbilastæðinu.*

Athugasemd: Vegagerðin telur að leggja þurfi meiri vinnu í að finna út hvernig hægt er að koma rúrustæðunum fyrir þannig að ekki sé hætta á umferð gangandi fólks þar sem bakka þarf rútum.

Svar: *Bilastæði eru þannig hönnuð og sýnd á deiliskipulagsuppdráttum að hvergi er gert ráð fyrir að rútur bakki yfir gönguleiðir.*

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagsstillöguna svo breytta þar sem komið hefur verið til móts við fyrrgreindar athugasemdir og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna gildistöku tillögunnar eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

7. liður fundargerðar; Illugastaðir. Aðal- og deiliskipulag.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillögurnar á þessu stigi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að senda aðalskipulagsbreytinguna til Skipulagsstofnunar til athugunar eins og 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Að fengnu samþykki Skipulagsstofnunar verði tillögunnar síðan auglýstar samhliða eins og 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Ragnar Bjarnason vék af fundi við afgreiðslu 4. liðar fundargerðar Skipulags- og umhverfisnefndar vegna vanhæfis.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

2. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 22.06.2015

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 22. júní s.l. Heiða gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 2 liðum.

2. liður fundargerðar; Umræður um félagsheimili sveitarfélagsins Sveitarstjórn samþykkir að kannaðir verði möguleikar á að leigja út

félagsheimili sveitarfélagsins með það að leiðarljósi að auka rekstur og nýtingu á húsunum. Mikilvægt er að aðkoma íbúa og félagsamtaka sem nýta húsin verði tryggð.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leiti.

3. Erindisbréf stýrihóps vegna ljósleiðaravæðingar

Lagt fram erindisbréf stýrihóps vegna ljósleiðaravæðingar.

Erindisbréfið samþykkt samhljóða.

4. Þróunarsamningur um sorphirðu í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit

Fyrir fundinum liggur samningur milli Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Gámaþjónustu Norðurlands um sorphirðu í sveitarfélögunum. Samningurinn felur í sér framlengingu á fyrri verksamningi í 3 ár þ.e. frá 1. júní 2015 til 31. maí 2018. Markmið samningsaðila er að veita íbúum, fyrirtækjum og stofnunum sveitarfélaganna hagkvæma og umhverfisvæna sorphirðu-þjónustu. Áhersla er lögð á að auka skilning og vitund íbúa, stofnanna og fyrirtækja um mikilvægi flokkunar, endurvinnslu og endurnýtingar, þannig að dregið verði úr urðun og sóun en stuðlað að bættu umhverfi í sveitarfélögunum. Samkvæmt samningnum skal innleiðingu á nýju sorphirðukerfi vera að fullu lokið fyrir 1. september 2016.

Nýtt fyrirkomulag verður kynnt íbúum og rekstaráðilum síðsumars með sérstökum kynningarfundum og útgáfu kynningarefnis.

Sveitarstjórn staðfestir samninginn með 6 greiddum atkvæðum og felur sveitarstjóra undirritun. Ragnar Bjarnason situr hjá við atkvæðagreiðslu.

Lagt fram til kynningar:

a. Fundargerð 828. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00

Arnór Benónýsson
Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Heiða Guðmundsdóttir
Ragnar Bjarnason

Margrét Bjarnadóttir
Árni Pétur Hilmarsson
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

vegagerðar allt að 149.900m³ á 49.900 m² stóru svæði.

Leitað verði samþykkis Skipulagsstofnunar um að málsmeðferð vegna breytinga á aðalskipulagi verði skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þ.e.a.s. óveruleg breyting.

Að lokinni aðalskipulagsbreytingu verði skipulags- og byggingarfulltrúa síðan falið að gefa út framkvæmdaleyfi skv. umsókn Vegagerðarinnar eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

4. liður fundargerðar: Svartárvirkjun í Bárðardal. Aðal- og deiliskipulag. Sveitarstjórn felur skipulags- og byggingarfulltrúa að efna til almenns kynningarfundar þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir, þar sem deiliskipulagstillagan og tillaga að breytingu á aðalskipulagi verði kynntar fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um áður en tillögurnar verða teknar til umfjöllunar í sveitarstjórn.

5. liður fundargerðar: Öxará. Umsókn um stofnun lóðar.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna lóðina í fasteignagrunni Þjóðskrár.

6. liður fundargerðar: Umhverfi Goðafoss. Deiliskipulag.

Tillaga að deiliskipulagi umhverfis Goðafoss var auglýst eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um frá og með 17. apríl 2015 með athugasemdarfresti til og með 29. maí 2015. Eftirfarandi athugasemdir bárust frá Vegagerðinni, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, dagsett 18. maí 2015.

Athugasemd: Upplýsingar vantar um í hvaða námur efni til framkvæmda verður sótt og hversu efnistakan verður mikil.

Svar: Óljóst er í hvaða námur efni er sótt en bætt er inn í greinargerð deiliskipulags upplýsingum um að efni í öll bilastæði verði tekið úr námum í sveitarfélaginu sem eru með starfsleyfi.

Umhverfisstofnun, dagsett 12. maí 2015.

Athugasemd: Bent er á að æskilegt sé að salernisaðstaða og ruslagámar séu staðsettir við bilastæði.

Svar: Skipulags- og umhverfisnefnd tekur undir þessa ábendingu. Á upphaflegum tillögum var gert ráð fyrir salernishúsi í tengslum við bilastæðið vestan árinna. Vegna mótmæla frá einum landeiganda var þó fallið frá þeirri hugmynd í bili.

Athugasemd: Bent er á mikilvægi þess að staðgróður verði nýttur við uppgræðslu á núverandi bilastæði.

Svar: Tekið er undir athugasemd og bætt er inn í greinargerð að öll uppgræðsla skuli verða með staðargróðri, t.d. samskonar lyngmóa og er umhverfis svæðið.

Minjastofnun Íslands, umsögn dagsett 12. maí 2015.

Svar: Skv. umsögn Minjastofnunar Íslands eru engar minjar í beinni hættu

**Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
25.06.2015**

**173. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 25. júní kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Arni Pétur Hilmarsson, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Margrét Snorradóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 18.06.2015
2. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 22.06.2015
3. Erindisbréf stýrihóps vegna ljósleiðaravæðingar
4. Þróunarsamningur um sorphirðu í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit

Til kynningar:

- a) Fundargerð 828. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 18.06.2015

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 18. júní s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 8 liðum.

1. liður fundargerðar: Skógar. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar. *Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að grenndarkynna breytinguna fyrir næstu nágrönnum og öðrum hagsmunaaðilum sem óverulega breytingu á deiliskipulagi eins og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.*

2. liður fundargerðar: Flatey. Umsókn um stofnun lóðar og stækkun lóðar *Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna nýja lóð undir „Lifrabræðsluhús“ og skrá lóðarstækkun lóðar með landnr. 153390 inn í fasteignagrunn Þjóðskrár.*

3. liður fundargerðar: 3. Efnistökusvæði á Fljótsheiði (Náma E-41). Umsókn um framkvæmdaleyfi.

Þar sem magn efnistöku skv. umsókn Vegagerðarinnar stangast á við ákvæði aðalskipulags samþykkir sveitarstjórn að gerð verði eftirfarandi textabreyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022:

>Á Fljótsheiði:

E-41: Í landi Kvíngisdals efst á Fljótsheiði: Í notkun. Áætluð efnistaka vegna

**HEILSUGÆSLUÞJÓNUSTA Í
S-ÞINGEYJARSÝSLU**

**ATH! Nýr vaktsími frá 1. júlí 2015:
sími 1700**

Heilsugæslustöðin á Húsavík, sími 4640500

Er opin virka daga kl 8-16

Heilsugæslustöðin í Mývatnssveit

Hjúkrunarfræðingur: virka daga kl 8.30-9.30

Læknir: mánudaga e.h. og fimmtudaga f.h.

Heilsugæslustöðin Laugum

Læknir: fimmtudaga e.h.

Símatímar virka daga – sími skiptiborðs 4640500

Símatími vegna veikinda eða aðkallandi erinda

kl 8.15-9 og 13-13.30

Lyfjaendurnýjun kl 9-10

**Slys og alvarleg veikindi þar sem bráðrar
þjónustu er þörf – hringið í 112 !**

Eftir lokun skiptiborðs og um helgar:

Vaktsími : 1700

Frá og með 1/7 '15 verða beinar innhringingar í vaktsíma læknis (898-6112) áframsendar í síma Læknavaktarinnar, sími 1700, og erindi áframsend þaðan eftir því sem við á.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Geymið auglýsinguna !



Forstöðumaður sundlaugarinnar á Laugum

Þingeyjarsveit auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns við sundlauginna á Laugum. Helstu verkefni eru umsjón með starfsemi og rekstri sundlaugarinnar, starfsmannahald, skipulag vakta o.fl. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Menntunar- og hæfniskröfur:

- Staðlað sundpróf og skyndihjálp
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfsemi sundlauga
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 3322 og 862 0025

Umsóknarfrestur er til 15. júlí n.k. Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu berist skriflega til sveitarstjóra, Kjarna, 650 Laugar, netfang dagbjort@thingeyjarsveit.is



Kaffihlaðborð í Kiðagili

Þá er loksins komið að því...

Fyrsta kaffihlaðborð sumarsins verður sunnudaginn 5. júlí en þau verða síðan á sunnudögum í sumar. Þar verður ýmislegt á borðum svo sem smurbrauðstertur, flatbrauð, tertur og að sjálfsögðu sælan hans Magnúsar.

Þú finnur örugglega eitthvað sem gleður bragðlaukana og seður svangan maga.

Kaffihlaðborðin standa frá kl 14-17

Hlökkum til að sjá ykkur

Með kveðju

Starfsfólk Kiðagils

26.tbl.
2. júlí
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



Sumartónleikar við Mývatn 2015

29 starfsár.



Skútustaðakirkja föstudag 3. júlí kl. 21.00

Reykjahlíðarkirkja laugardag 4. júlí kl. 21.00

Tónlistarhópurinn Reykjavík Barokk

Jóhanna Halldórsdóttir, altsöngkona, Diljá Sigursveinsdóttir, barokkfiðla, Íris Dögg Gísladóttir, barokkfiðla, Anna Hugadóttir, barokkvíola, Ólöf Sigursveinsdóttir, barokkselló, Helga Aðalheiður Jónsdóttir, blokkflautur, Magnea Arnadóttir, traversoflauta, Judith Thorbergsson Tobin, semball og barokkfagott

Á efnisskrá eru kantötur og konsertar eftir J. S. Bach, Vivaldi, Telemann og verk eftir Kristínu Lárusdóttur.

Aðgangur ókeypis, en tekið við frjálsum framlögum við kirkjudyrr.

Listrænn stjórnandi sumartónleika: Margrét Bóasdóttir.

Helstu stuðningsaðilar: Tónlistarsjóður, Landsbyggðartónleikar, Reykjahlíðarkirkja, Skútustaðakirkja, Skútustaðahreppur, Mýflug, Sparisjóður Þingeyinga, Héraðssjóður Þingeyjarprófastdæmis, Hótel Reynihlið, Sel Hótel Mývatn, Hótel Laxá, Jarðböðin við Mývatn og fleiri ferðaþjónustuaðilar við Mývatn.